

“Góðir hlutir gerast” Fagvitund í fyrirrúmi

Feb. 2011 17. tlb

Kæru formenn

Takið frá
dagana
6.-8. maí

Undirbúningur fyrir landssambandsþing er nú í fullum gangi. Þetadeild, gestgjafi þingsins er að sjá til þess að vel fari um þingkonur og menntanefnd að setja saman metnaðarfulla dagskrá. Við erum ekki bara að koma saman og hafa gaman, við erum einnig að fræðast um faglega þætti í menntunar- og fræðslumálum, að styrkja okkur faglega, að efla fagvitund okkar og styrkja tengsl.



Hefð er fyrir því að margar konur mæti að kvöldi föstudagsins, að þessu sinni 6. maí. Þetasystur áætla að hægt sé að fá kvöldverð milli 6 og 8 á Hótel Keflavík og eftir það verði möguleiki á notalegri samverustund um kvöldið.

Að þessu sinni verður haldinn stuttur framkvæmdaráðsfundur 6. maí kl. 6:30 og sameiginlegur fundur með öllum stjórnarkonum deilda kl. 7:30. Eftir stuttan inngang skiptist hópurinn í minni hópa og verða sérfundir fyrir formenn, gjaldkera, ritara og vefstjóra. Eftir það verður kvöldið frjálst. Ekki er skyldumæting á þann fund en við vonumst til að sem flestar stjórnarkonur í deildum samtakanna sjái sér fært að koma. Hér erum við að auka tengsl þeirra kvenna sem vinna í stjórnun og nefndum samtakanna. Um leið viljum við efla stjórnir samtakanna, við kynnumst og styrkjum okkur og samtökin.

Framkvæmda
ráðsfundur
6. maí



Hvetja þarf konur til að fara á Evrópuþingið í ágúst. Dagskrá þingsins liggur fyrir í næsta mánuði og er vonandi að deildir fjölmenni saman á þingið. Sækja þarf um fyrir 15. febrúar ef konur ætla að bjóða fram vinnustofur. Ég ítreka hve gott tækifæri þetta er til að kynna það sem þið eruð að fást við. Einnig gott tækifæri ef þið sjáið fram á samtstarf við önnur Evrópulönd.

Eru listakonur í deildum ykkar sem geta hugsanlega kynnt íslenskt handverk á þingum okkar? Eða laga- og/eða rithöfundar? Látið okkur vita um listamenn í ykkar röðum og við setjum það á vefinn okkar.

Upplýsingar

1. mars er eindagi til að sækja um Námsstyrkjasjóðinn. Úthlutun verður á landssambandsþinginu í maí. Hvetjið konur til að sækja um. Úthlutun er 100 þúsund krónur. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni.



Etadeild efnir til skemmtikvölds / árshátíðar 18. mars á Nauthóli í Reykjavík. Ég fagna þessu frábæra framtaki Etadeildar og vona að DKG-konur fjölmenni á þetta kvöld.

Kæru formenn deilda, ég þakka ykkur fyrir góð skil, en flestir formenn hafa skilað mér inn skýrslunum.



Gönguhópurinn mun aftur hittast við Ráðhúsið í Reykjavík í febrúar, þriðjudaginn 15. febrúar kl. 17:30 og rölta um miðbæinn.

Til framkvæmda

Ekki hafa félagatöl allra deilda verið uppfærð á deildarvefsíðum. Athugum að betra er að sleppa upplýsingum á vefnum ef þær eru ekki réttar.

Febrúar 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

Mars 2011						
Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Á döfinni:

15. feb

18. mars

Eindagar


1. feb

1. feb

15. feb

Gönguhópur hittist við Ráðhúsið í Reykjavík kl. 17:30
Árshátíð/ skemmtikvöld á vegum Etadeildar

International Scholarship
Skila árlegri skýrslu til landssambandsforseta
Umsókn um vinnustofur og innlegg á Evrópuþing



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG